

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Blaðheimar – austurhluti. Bæjarlind 5 og 7-9. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 23. ágúst 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bæjarlind 5 og 7-9.

Í breytingunni felst breytt aðkoma að lóðunum við Bæjarlind 5 og 7-9 í samræmi við núverandi fyrirkomulag á lóðunum og lóðablaði dags. 2. febrúar 2022. Lóðamörk og stærðir lóða breytast sem og fyrirkomulag bílastæða. Lóð Bæjarlindar 5 verður með hlut í sameiginlegri lóð 3.118 m<sup>2</sup> eftir breytingu og lóð Bæjarlindar 7-9 verður með hlut í sameiginlegri lóð 3.310 m<sup>2</sup> eftir breytingu.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vatnsendi. Milli vatns og vegar. Vatnsendablettur 724. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 23. ágúst 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnsendablett 724. Í breytingunni felst að byggingarreitur verði stækkaður til suðurs á suðausturhorni reitsins um 3,76 metra og verði samsíða lóðamörkum í 4,89 metra fjarlægð. Hámarksbyggingarmagn á lóðinni helst óbreytt. Aðkoma að lóðinni breytist og verður á suðvesturhorni lóðarinnar um núverandi einkaveg.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 7. september 2022.*

**Auður D. Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 8. september 2022